

66

11. maí

Ýmsar járnvörur:

Hurðarhandföng, lamir, skrár, hengilásar og smekklásar:

1. Í heildsölu	18%
2. Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	40%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	55%

Brot gegn þessum verðlagsákvæðum varða allt að 10000 króna sektum, auk þess sem ólöglegur hagnaður er upptækur.

Þetta birtist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. maí 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

67

12. maí

ERINDISBRÉF

fyrir skólanefndir.

Samkvæmt lögum nr. 94 1936, um fræðslu barna og lögum nr. 35 1930, um fræðslumálastjórn og ennfremur lögum nr. 82 1936, um ríkisútgáfu námsbóka, eru sett eftirfarandi ákvæði um starfssvið skólanefnda.

I. Um fræðslumálastjórn og kennara.

1. gr.

Skólanefnd hefir á hendi stjórn fræðslumálanna í sínu skólahverfi undir yfirumsjón fræðslumálastjórnarinnar.

2. gr.

Losni kennarastaða í skólahverfinu eða þörf sé á viðbótarkennara, skal skólanefnd þegar tilkynna það fræðslumálastjóra, og sér hann þá um, að staðan verði auglýst í útvarpi og Lögbirtingablaðinu. Þurfi að útvega kennara með minna en eins mánaðar fyrirvara, getur fræðslumálastjóri útvegað hann í samráði við skólanefnd án þess að staðan sé auglýst.

3. gr.

Hafi kennarastaða verið auglýst, skal skólanefnd, eins fljótt og auðið er, að loknum umsóknarfresti, halda fund og senda síðan fræðslumálastjóra allar umsóknirnar ásamt tillögum sínum um val kennara. Skólanefnd skal láta sér annt um að mæla með góðum og vel hæfum mönnum.

Skólanefnd skal, þegar fjöldi umsókna leyfir, mæla með eigi færri en þremur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu, sem auglýst hefir verið, og telur hún þá þann umsækjandann fyrstan, er hún mælir fastast með og síðan aðra í þeirri röð, er hún telur að þeir komi til greina. Nú hafa þrjár eða fleiri kennarastöður verið auglýstar, og er skólanefnd þá eigi skylt að mæla með fleirum en tveimur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu. Afl atkvæða ræður innan skólanefndar um það, í hvaða röð mælt er með umsækjendum, þannig að séu skólanefndarmenn ekki sammála um það, í hvaða röð þeir mæla með umsækjendum, þá verður t. d. sá umsækjandi í 2. sæti, sem fékk næstflest atkvæði í 1. sæti. Séu jöfn atkvæði, ræður atkvæði formanns.

Skólanefnd er skylt að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á 67 kennara, og námsstjóra — sé hann starfandi — ef um skólastjóra er að ræða. 12. maí Verði ágreiningur innan skólanefndar eða milli skólanefndar og skólastjóra eða námsstjóra, getur hver aðili um sig gert tillögur til fræðslumálastjórnarinnar, og skal fylgja tillögunum rökstudd greinargerð.

Þeir einir, sem lokið hafa kennaraprófi, geta orðið skipaðir kennarar við barnaskóla.

Stundakennara ræður skólastjóri með samþykki skólanefndar.

Annað starfsfólk skólans ræður skólanefnd í samráði við skólastjóra, nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð skólans.

Nú þarf færri kennara vor og haust við smábarnafræðslu, en fastir kennarar eru við skóla og ákveður þá skólanefnd að fengnum tillögum skólastjóra, hverjir skulu hafa það starf á hendi. Verði ágreiningur milli skólanefndar og skólastjóra, sker fræðslumálastjórnin úr.

II. Um skólasókn.

4. gr.

Ef ástæða þykir til, skal skólanefnd, áður kennslutíminn hefst, auglýsa fyrir hvaða tíma beiðnir um undanþágu frá skólaskyldu skuli sendar. Undanþágu veitir hún, að fenginni umsögn skólastjóra, og þó því aðeins að trygging þyki fengin fyrir því, að barnið fái lögmehta fræðslu þrátt fyrir undanþáguna.

Skólanefnd skal sjá um, að öll börn á skólaskyldualdri, sem ekki hafa fengið undanþágu frá skólagöngu, sækji skóla héraðsins. Vanræki foreldrar eða þeir, sem hafa börn til framfærslu, að senda þau í skóla hinn lögskipaða tíma, án þess að undanþága hafi verið veitt, skal skólanefnd, að undangenginni áminningu, kæra framfæranda til sekta fyrir lögreglustjóra.

Skólanefnd varnar þeim börnum skólavistar, sem að dómi skólastjóra og kennara eru óhafandi með öðrum börnum sakir siðleysis eða einstakrar óhlýðni. Skal skólanefnd þá í samráði við skólastjóra og barnaverndarnefnd (í kaupstöðum) gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að barninu verði séð fyrir hentugri fræðslu utan skólans.

5. gr.

Það er skylda skólanefndar að líta eftir því, að börn á námsaldri njóti fullnægjandi fræðslu þar til skólaskylda hefst. Komist hún að raun um, að kennsla sé ófullnægjandi, svo að líkur séu til, að börn nái ekki fyrirskipuðu fræðslumarki, ber henni að vanda um við foreldra eða aðstandendur barnsins, en reynist það árangurslaust, skal hún koma slíkum börnum fyrir þar sem þau fá nauðsynlega tilsögn.

Skólanefnd skal og fylgjast með starfi skólans. Komist hún að raun um, að barn sé svo vankunnandi, að líkur séu til, að það nái ekki lögskipaðri kunnáttu fullra 14 ára, ber henni að gera ráðstafanir til þess, að lögð verði meiri rækt við það en áður.

Hafi námshæft barn ekki náð hinu fyrirskipaða fræðslumarki við 14 ára aldur, ber skólanefnd að sjá því fyrir áframhaldandi tilsögn í islenzku og reikningi og í þeim öðrum námsgreinum, sem því er ábótavant í.

III. Um einkaskóla.

6. gr.

Skólanefnd skal ganga eftir því, með auglýsingum eða á annan hátt, að þeir einstaklingar, sem hafa smábarnaskóla eða auglýsa eftir kennslu á skólaskyldum börnum, sendi skólanefnd fullnægjandi skýrslu um húsakynni, hollustuhætti

67 skólans og þeirra, sem þar eiga að starfa. Hafi kennari ekki kennararéttindi, 12. maí skal skólanefnd senda kennslubeiðnina til fræðslumálastjóra ásamt umsögn sinni og skólastjóra. Aðrar beiðnir afgreiðir skólanefnd í samráði við skólastjóra. Börn þessi eru prófskyld í barnaskóla skólahverfisins.

Þá skal skólanefnd og heimta skýrslu um börn, er ganga í þá einkaskóla, er löggiltir hafa verið samkvæmt 19. gr. fræðslulaganna.

IV. Um próf.

7. gr.

Skólanefnd skipar prófdómara. Skal hún í samráði við skólastjóra ákveða, hvenær árspróf og fullnaðarpróf skuli fara fram. Próf má þó aldrei byrja fyrir 1. apríl, nema með leyfi fræðslumálastjóra.

V. Um húsnæði til skólahalds.

8. gr.

Skólanefnd hefir umsjón og eftirlit með skólum héraðsins, sér um skólahús eða felur öðrum að gera það fyrir sína hönd.

Í samráði við skólastjóra hefir skólanefnd full umráð yfir skólahúsum. Skólastjóra er heimilt að nota húsnæði skólans utan kennslustunda fyrir holla starfsemi meðal skólabarna.

Hafi félag lagt fram fé eða vinnu til byggingar skólans gegn afnotum af húsinu, skal í samráði við skólastjóra gera samning um það. Sama gildir og ef um aðra starfsemi er að ræða, barnafræðslunni óviðkomandi.

9. gr.

Það er skylda skólanefndar að sjá um, að skólahús eða annað húsnæði til skólahalds sé svo gott og hentugt sem kostur er á, og að það fullnægi þeim reglum um hollustuhætti, sem yfirstjórn heilbrigðismálanna setur.

Þurfi skólanefnd að gera bindandi leigusamning um húsnæði til skólahalds til lengri tíma en tveggja ára í senn, skal leitað álits fræðslumálastjóra um það.

VI. Um námsbækur og kennslutæki.

10. gr.

Í tæka tíð, áður skólaárið hefst — eða kennslutíminn að haustinu — skal skólanefnd eða skólastjóri (kennari) fyrir hennar hönd senda ríkisútgáfu námsbóka skrá yfir þær námsbækur, sem talið er að þurfi á því skólaári til útbýtingar meðal prófskyldra barna í skólahverfinu. Ríkisútgáfan sendir eyðublöð til útfyllingar í þessu efni og fleiru, sem máli skiptir í þessu sambandi (sbr. lög um ríkisútgáfu námsbóka).

Ef þörf krefur, er skólanefnd skylt að annast um útvegum á þeim bókum öðrum, ritföngum, kennsluáhöldum og öðru, sem þarf til þess, að kennslan geti komið að tilætluðum notum.

VII. Um kostnað við skólahald.

11. gr.

Áætlun um kostnað við skólahaldið ár hvert skal skólanefnd semja og senda bæjarstjórn (í Reykjavík: Fræðsluráði), eða hreppsnefnd í tæka tíð.

Után kaupstaða skal einn skólanefndarmanna vera féhirðir skólans. Hann tekur á móti því fé, sem veitt er til skólahaldsins og annast allar greiðslur fyrir skólann. Í lok hvers reikningsárs semur hann reikning yfir tekjur og gjöld skól-

ans og leggur hann fyrir skólanefnd. Síðan skal senda skólareikninginn til hrepps- 67
nefndar til endurskoðunar og samþykktar.

Sé ekki starfandi fræðsluráð í fræðsluhéruðum utan kaupstaða, er skóla- 12. maí
nefnd heimilt að fela oddvita hreppsins að annast greiðslur vegna skólamálanna
í skólahverfinu eftir ávisun skólanefndar eða skólanefndarformanns í umboði
nefndarinnar.

Verði ágreiningur milli skólanefndar og hreppsnefndar eða fræðsluráðs og
bæjarstjórnar um fjárframlög til skólahalds, skal hann lagður undir úrskurð
fræðslumálastjórnarinnar.

Reikningsár skólanna er almanaksárið.

VIII. Um skýrslur o. fl.

12. gr.

Skólanefnd semur eða felur skólastjóra að semja allar þær skýrslur, sem
fræðslumálastjórnin heimtar. Skýrslur um próf, kennslu og skólahald, ennfrem-
ur reikningar um skólahald héraðsins, skulu sendar til fræðslumálastjóra eigi
síðar en 1. júlí ár hvert.

13. gr.

Rita skal í gerðabók allar ályktanir skólanefndar um kennslu- og skólamál
skólahverfisins og skal gerðabókin, samrit af skýrslum o. fl., vera í vörzlum for-
manns skólanefndar.

14. gr.

Formaður skólanefndar, sem jafnframt er trúnaðarmaður fræðslumálastjórn-
arinnar, sér um að framkvæmdar verði allar settar reglur og ályktanir skóla-
nefndar um kennslu- og skólamál skólahverfisins, enda ber honum að sjá um,
að störf nefndarinnar séu vel af hendi leyst.

Formaður kveður nefndina til funda svo oft sem þörf krefur. Skylt er hon-
um að kveðja nefndina til fundar, þegar þess er krafizt af einum nefndarmanna
eða skólastjóra.

Skólastjóri skal ávallt boðaður á fundi skólanefndar og hefir hann þar mál-
frelsi og tillögurétt.

15. gr.

Verði ágreiningur út af ákvæðum erindisbréfs þessa, má skjóta honum undir
úrskurð fræðslumálastjórnarinnar.

Í kennslumálaráðuneytinu, 12. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.